




HEIMIR


III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

8.-9. blað.



Skammdegisþankar.



Þurfa nokkur þar til skil,
Þá skal dæmt um liti,
Hér fyrst ekki' er timi til
Að tala neitt af viti?

Jólahaldsins þaufið þurt
Þá fær nýja grunninn;
Englar flúnir allir burt,
Út eru ljósin brunnin.

Grátt er loftið þrætupings,
Þoka' um sund og ósinn;
Augum horfin Íslendinga
Öll eru norðurljósin.

Heyri' eg úti þrælaþramm
Þreyta skeið til salsins;
Hljótt er alt í hulduhvamm,
Horfin vættur dalsins.